

# 7. bekkur Íslenska (2023/2024)

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Íslenskt mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar og hann ber að rækta, virða, njóta og að sjálfsögðu þróa.

Íslenskukennsla hefur það hlutverk að efla tjáningu og sköpun bæði í töluðu og rituðu máli.

Gott málfar er meginforsenda samskipta og miðlunar.

Kennslan mun því taka mið af þessu og markmiðið er að efla færni í málnotkun og tjáningu svo nemendur geti að grunnskóla loknum, tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og jafnframt tekið þátt í að móta hana.

Áhersla er lögð á að taka mið að þörfum allra nemenda með krefjandi og fjölbreyttum verkefnum sem skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

Fjölbreytni í kennsluháttum og virk þátttaka nemenda í náminu er undirstaða þess. Leitast er við að hafa námsefni og kröfur í samræmi við hæfni hvers og eins með verkefnum við hæfi. Þótt nemendur vinni á mismunandi hraða verður sama námsefni fyrir alla en aukalega ýmis verkefni sem dýpka skilning á viðfangsefninu fyrir bráðgera nemendur. Jafnframt verður stoðþjónusta og aðstoð í tímum í boði fyrir þau sem þurfa.

Fyrir áramót verður unnið í þremur lotum og þar sem ólíkar áherslur eru lagðar á þætti íslenskunnar.

## Námsáætlun

### Námsáætlun

Tímabil Viðfangsefni

Ágúst - Málfræði og ritun (6 vikur)

desember

Málið í mark fallorð, nemendur vinna vefsíðu jafnt og þétt yfir önnina sem nýtist þeim við frekari verkefnavinnu. Ritanir unnar samhliða málfræðiverkefnum og unnið með stafsetningarreglur.

Bókmenntir og lestur (3/3 vikur)

Áhersla verður lögð á lestur smásagna og ljóða og vinna með bókmenntahugtök. Kennslan einkennist af samtölum nemenda um textana sem þau lesa og hópverkefnum.

Tjáning og framkoma (3/3 vikur)

Nemendur vinna að því að koma fram og tjá sig ýmist að lesa ljóð eða texta. Unnið er með virka hlustun og virðingu gagnvart samnemendum. Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina.

Hæfniviðmið

Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins

Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð og greint helstu einkenni fallorða og nútíð og þátíð sagnorða.

Þekkja algeng orðtök og málshætti í töluðu og rituðu máli og gera sér grein fyrir gildi góðrar málnotkunar.

Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda

Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar

Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa

Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.

Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum

bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.

Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.

skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur

Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi tillitssemi og kurteisi

tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum

Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda

Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.

Lesið mismunandi texta sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir efni hans.

skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur

Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda

Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.

Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga

skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur

Bókmenntir og lesskilningur - Nemendur lesa bókina Ofurhetjan og vinna verkefni samhliða.

desember - mars  
Upplestur og tjáning - Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina

Kjörbók - unnið á skapandi hátt með bók að eigin vali.

Rítun og Stafsetning - ritanir og stafsetning eftir fyrirmælum kennara

skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur

Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda

Rítun og Stafsetning - Heimildaritgerð og ritanir

Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.

mars - maí  
Orðspor 3 unnið með framsögn lestur og læsi.

Lokaverkefni - Skapandi verkefni

Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga

skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar

## Lýðræði og mannréttindi

Að nemendur verði þjálfaðir í gagnrýninni hugsun í tengslum við verkefnavinnu. Lýðræðisleg vinnubrögð verði æfð í hópavinnu þar sem sjónarmið allra nemenda fá að njóta sín.

### Læsi

Að nemendur vinni með læsi í viðum skilningi og áhersla verði á fjölbreytileika í framsetningu, t.d. myndlæsi og menningarlæsi. Nemendur vinni með fjölbreyttan texta sem stuðlar að auknum orðaforða og málskilningi.

### Sjálfbærni

Að nemendum sé kennd sjálfbærni í daglegri umgengni í skólanum sem taki til bæði samskipta nemenda við hvert annað og umhverfi sitt. Að nemendur glími við margvísleg álitamál og ágreiningsefni sem upp geta komið.

### Sköpun

Að nemendur nái að bregðast við því sem þeir lesa á persónulegan hátt og túlka sögur. Nemendur vinni við skapandi ritun og taki þátt í samræðum (spjallfélagar). Vinni að fjölbreyttum myndverkum við texta sem lesinn er. Lögð er áhersla á skapandi skil.

### Jafnrétti

Að nemendur fái að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Nemendur fái verkefni við hæfi hvers og eins. Nemendur vinni með texta sem tekur á jafnrétti og réttlæti. Nemendur vinni að því að skapa námsumhverfi og verkefni sem byggja á jafnrétti.

### Heilbrigði og velferð

Að taka mið að þörfum allra nemenda og skapa jákvætt andrúmsloft og jákvæð viðhorf til íslenskunáms.

## Námsmat

### Námsmat

Enn sem fyrr munu einkunnir gefnar fyrir einstök hæfniviðmið en hæfniviðmið liggja á bak við verkefni nemenda. Nemendur/foreldrar geta séð hvaða hæfniviðmið liggja að baki hverju verkefni þegar farið er inn í námslotur námsgreinarinnar á Mentor. Gefnir verða bókstafirnir A, B, C, D lokið/ólukið fyrir hæfniviðmiðini. Í janúar fá nemendur mat fyrir haustönnuna í heild sinni og í maí fá nemendur námsmat fyrir allt skólaárið.

## Hlutverk og vinnulag nemandans

### Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti Átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi

Mæting Ætlast er til að nemendur mæti á réttum tíma með bækur og skriffæri.

Virkni í tímum Þátttaka nemenda er undirstaða námsins.

Heimavinna Miðast við vinnuframlag í kennslustund auk þess sem heimalestur er hluti af náminu.

Ábending um hjálpargögn fyrir nemendur Eftir þörfum hvers og eins í samráði við stoðþjónustu og kennara.

Stoðþjónusta nemenda Í samráði við sérkennara og stjórnendur skóla.

Skyldur nemenda Ætlast er til að nemendur mæti á réttum tíma með bækur og skriffæri.

Skyldur kennara Ætlast er til að kennarar mæti á réttum tíma með bækur og skriffæri.